



## 112. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 3. febrúar, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

1. Endurupptaka fasteignamats að Norðurlandsvegi 4.
2. Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu.
3. Erindi frá Verkalýðsfélaginu Samstöðu.
4. Erindi frá Rauða Kross deild A-Hún.
5. Fundargerð SSNV.
6. Leiðbeiningar fyrir samstarfsnefndir um sameiningu sveitarfélaga.
7. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. **Endurupptaka fasteignamats að Norðurlandsvegi 4.**

*Fram lagt bréf frá Fasteignamati ríkisins (FMR) með yfirliti yfir nýtt fasteignamat á fasteigninni að Norðurlandsvegi 4, Blönduósi í eigu Vélsmiðju Særúnar ehf. Eins og fram kemur í gögnum hefur bæjarstjóri þegar óskað eftir rökstuðningi ákvörðunarinnar og hefur FMR svarað erindinu og rökstutt nýtt fasteignamat.*

2. **Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu.**

*Í erindi ráðuneytisins, dags. 25. janúar 2005 er tilkynnt að fallist er á tillögur sveitarfélagsins um úthlutunarreglur byggðakvóta, sbr. reglugerð nr. 960, 6. desember 2004.*

*Bæjarstjóra er falið að kynna úthlutunarreglurnar og auglýsa eftir umsóknum vegna byggðakvóta 2005.*

3. **Erindi frá Verkalýðsfélaginu Samstöðu.**

*Formaður Verkalýðsfélagsins Samstöðu bendir á laust skrifstofuhúsnæði í eigu félagsins að Þverbraut 1 og vill kanna fyrir hönd þess hvort áhugi sé hjá bæjarfélaginu að nýta það.*

*Bæjarráð sér ekki að bæjarfélagið geti nýtt húsakostinn að svo stöddu.*

4. **Erindi frá Rauða Kross deild A-Hún.**

*Fyrir hönd Rauða Kross deildar A-Hún. sækir formaður deildarinnar um að fasteignaskattur vegna fasteignarinnar að Blöndubýggð 12 verði reiknaður sem A-hluti en ekki B-hluti eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Rökstyður hann erindi sitt með því að í húsinu sé ekki um iðnaðarstarfsemi að ræða heldur félag- og líknarstarfsemi.*

*Bæjarstjóra er falið að kanna með breytingu skráningar fasteignarinnar í samræmi við þá starfsemi sem er í húsinu.*



**5. Fundargerð SSNV.**

*Fundargerðin er frá 18. janúar sl. og er lögð fram til kynningar.*

**6. Leiðbeiningar fyrir samstarfsnefndir um sameiningu sveitarfélaga.**

*Gögnin eru frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneyti og eru lögð fram til kynningar.*

**7. Önnur mál.**

**a. Uppbygging í Brautarhvammi.** *Bæjarstjóri greindi frá fundi með eigendum Glæðheima ehf. og nýjum áherslum þeirra í framtíðarsýn vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu á svæðinu.*

**b. Íbúáping.** *Rætt um fyrirhugaðan fund með íbúum bæjarfélagsins vegna atvinnumála.*

***Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundu slitið kl. 18:50.***

*Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*